

4. Starfsskýrslur

Vignir Sigurðsson

Rekstur Búnaðarsambands Eyjafjarðar árið 2010 var með svipuðu sniði og undangengin ár. Heildarfjöldi starfsmanna hjá BSE er nú 17 talsins í um 14 stöðugildum, þar af eru um 7 stöðugildi sem tilheyra starfsemi ráðgjafabjónustunnar, 3 stöðugildi í bókhaldsþjónustu, 1 í kortagerð og 3 í sæðingum og búfjárefirliti.

Samkvæmt ársreikningi voru heildartekjur BSE á síðasta ári tæpar 113 milljónir. Rekstrargjöld voru tæpar 111 milljónir og afkoma fyrir fjármagnsliði og skatta tæpar 2 milljónir. Fjármagnstekjur voru tæpar 2 milljónir og skattar um 800 þús. Afkoma ársins var jákvæð um 2,9 milljónir. Þetta er mjög svipaðar rekstrartölur og frá árinu áður eða rétt um 1% lækkun á tekjum og gjöldum og er þetta í ágætu samræmi við áætlun. Heildartekjur eru um 2% lægri en gert var ráð fyrir í áætlun en gjöld um 4% lægri. Afkoma er því aðeins betri en við höfðum gert ráð fyrir. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn eru laun en þau eru nánast óbreytt milli ára. Samningar ráðunauta eru eins og flestra annarra launþega í landinu nú lausir og ekki ólíklegt að einhverjar hækkunarverði á þessu ári. Stærstu einstöku tekjuliðir leiðbeiningabjónustunnar eru búnaðargjald og framlag frá ríkinu skv. Svo kölluðum búnaðarlagasamningi. Búnaðargjald ársins 2010 var um 21 milljón sem er um 3,5 milljónum lægra en áætlað hafði verið en erfitt virðist vera að ná utan um þennan tekjulið. Áætlanir fyrir þetta ár benda til þess að búnaðargjald hækki nokkuð. Ný samþykktur búnaðarlagasamningur gildir fyrir árin 2011 og 2012. Framlög eru nokkuð skert frá því sem var í eldri samningi og sýnist mér að lækkun á framlögum til Búgarðs milli árána 2010 og 2011 verði á bilinu 4-6 milljónir. Stjórnir búnaðarsambandanna hafa samþykkt nýjan samstarfssamning um ráðgjafabjónustu með fyrirvara um samþykki aðalfunda. Aðal breytingin í nýjum samningi er hækkun á hlutfalli búnaðargjalds úr 80 í 90% sem þýðir u.þ.b. einnar milljónar hækkun. Samningur þessi er nú líkari því sem gengur og gerist á öðrum búnaðarsambands svæðum þar sem samstarf er um ráðgjafabjónustu.

Rekstur bókhaldsþjónustunnar Bókvíss ehf. sem er að fullu í eigu búnaðarsambandsins gekk ágætlega á árinu. Tekjur voru um 26 milljónir en gjöld voru einnig 26 milljónir og rekstrarniðurstaða því í jafnvægi.

Bifreiðar BSE voru eknar um 175 þúsund kílómetra á síðasta ári og var rekstrarkostnaður 39 kr á km. Það er nánast sami rekstrarkostnaður og var 2009. Þessar tölur eru með afskriftum en afskriftir eru reyndar ekki miklar þar sem flestir bílarnir eru orðnir nokkuð gamlir og sumir mikið eknir. Sá sem mest er ekinn er kominn yfir 499 þús km og dugar enn. Þá fengum við til afnota bíl hjá BSSP í haustverkin og kom það sér mjög vel. Var hann ekinn um 5.800 km og var leigður á 38 kr/km.

Við þurfum sífellt að velta fyrir okkur hvaða möguleika við eigum á að hagræða í rekstri og hvernig við getum haldið úti fullnægjandi þjónustu fyrir bændur með sem lægstum tilkostnaði. Enn sem komið er hefur útseld þjónusta á vinnu ráðunauta verið mjög hófleg að mínu mati. Enda hefur það ekki verið markmið í sjálfu sér að selja út þá þjónustu sem er í boði. Brúttótekjur ráðgjafabjónustunnar eru nálægt 60 milljónum. Þar af er útseld sérfræðiráðgjöf ef svo má kalla nálægt 3 milljónum eða um 5% af tekjunum. Það hefur verið orðað svo að leiðbeiningamiðstöðvarnar séu á skilorði þetta og næsta ár og að mikil óvissa ríki um það hvað tekur við þegar núverandi búnaðarlagasamningur

rennur út. Bændasamtökin hafa hvatt leiðbeiningamiðstöðvarnar til að skoða leiðir til þess að tryggja áframhaldandi rekstur.

Viðraðar hafa verið hugmyndir um enn meiri samruna ráðgjafamiðstöðvanna og/eða nánari samvinnu. Hvernig svo sem þau mál þróast þá munum við væntanlega þurfa að horfa til þess að útseld þjónusta verði í meira mæli en verið hefur hingað til. Þó tel ég rétt að fara varlega í slíkt á meðan starfsemin er enn að njóta opinberra framlaga og búnaðargjalds.

Árið 2010 er annað heila árið í rekstri klaufskurðarbássins og hefur hann gengið ágætlega. Farið var á 59 bæi og klaufir snyrtar á um 1.900 kúm samanborið við 1.400 kúr árið áður. Farið var á 27 bæi í Eyjafirði og 14 bæi í Þingeyjarsýslu og 18 bæi á Austurlandi.

Ég hef hér farið yfir nokkra þætti starfsemi liðins árs en þessi upptalning er langt í frá tæmandi. Bændum, stjórnnum búnaðarsambandanna og samstarfsfólki þakka ég ánægjuleg samskipti.

Ari Teitsson

Ég starfaði hjá Búgarði á árinu 2010 eftir þörfum vinnuveitanda. Vinnutími mældist tæpir tveir mánuðir og snerist eingöngu um sauðfé.

Viðfangsefni tengd sauðfjárrækt voru kynningarfundir sauðfjársæðinga, undirbúningur og framkvæmd sauðfjársæðinga í héraði í desember, ein hrútasýning í Eyjafirði og síðast en ekki síst aðstoð við val líffjár með hjálp ómsjár. Nýtt hjálpartæki við val líffjár þ.e. BLUP-spá hefur þegar sannað gildi sitt og er notuð í vaxandi mæli. Hún mun þó tæplega koma í stað ómmælinga en mun rétt notuð með ómsjánni flýta kynbótaframförum.

Starfið var í heild gefandi og eiga bændur og aðrir samstarfsaðilar þakkir fyrir samstarfið.

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Árið 2010 var svipað og árið 2009 hvað varðar verkefni, þ.e. meiri tíma var varið í leiðbeiningar í jarðrækt, en minni tími fór í kortagerðina. Það sem snýr að efnagreiningum var með sama fyrirkomulagi og áður sem er móttaka og undirbúningur sýna, þ.e. þurrkun og mölun heysýna ásamt skráningu og útprentun á niðurstöðum og þurrkun og sigtun jarðvegssýna. Öll sýni eru síðan send Landbúnaðarháskólanum til efnagreiningar. Hey- og kornsýni sem bárust til meðhöndlunar hjá okkur voru eingöngu af starfssvæði Búgarðs og skiptist þannig eftir svæðum:

Eyjafjörður	261
Suður-Þingeyjarsýsla	114
Norður-Þingeyjarsýsla	<u>7</u>
Samtals	<u>383</u>

Sýnafjöldinn er svipaður og árið á undan, nema heldur fleiri sýni voru tekin eða bárust frá S.-Þing.

Upplýsingar um heygæði og efnainnihald eftir svæðum er að finna í töflu 3 aftar í þessu riti.

Engin skipuleg jarðvegssýnataka var í gangi á starfssvæðinu árið 2010, aðeins tekið hjá þeim sem pöntuðu sýnatöku og urðu þau aðeins 25 að tölu sem er svipað og árið á undan.

Samdráttur í kortagerðinni tengist fyrst og fremst færri skipulagsverkefnum, en það helsta sem unnið var að á síðasta ári voru breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðanna Sunnuhlíð við Grenivík og Birkilandi Vogum III í Mývatnssveit. Þá var einnig unnið skipulag vegna íbúðarhúss í Staðartungu í Hörgársveit og Sunnuhlíð Svalbarðsströnd og vegna ferðapjónustuhúsa að Sílastöðum 2 Hörgársveit. Þá var einnig unnið við smá breytingu á aðalskipulagi fyrrum Arnarneshrepps sem varðaði minnkun iðnaðarlóðar (stóriðjulóðar) við Dysnes.

Önnur verkefni í kortagerð af ýmsum toga eru viðvarandi eins og t.d. mæling og hnitsetning lóða og landspildna, en minna um afstöðumyndir vegna famkvæmda í dreifbýlinu. Þá er alltaf eitthvað um mælingar á landamerkjum, t.d. vegna landskipta eða sölu á landi, en oft getur verið erfitt að finna þá staði sem getið er um í landamerkjalyðingum og oft veit enginn lengur hvar viðkomandi kennileiti eru eða þau eru jafnvel horfin. Hnitsetning landamerkja er því nokkuð brýnt verkefni, en ekki hefur verið fullur skilningur á nauðsyn þess né trúlega heldur ekki fjármagn til að ráðast í það verk.

Eins og kemur fram hér að framan var meiri tíma varið í leiðbeiningar í jarðrækt en undanfarin ár og þá einkum áburðarleiðbeiningar. Í febrúar 2010 voru haldnir fjórir fræðslufundir á starfssvæði Búgarðs um jarðrækt þar sem fjallað var um áburðarnotkun bæði tilbúins áburðar og búfjáráburðar, skortseinkenni áburðarefna, gras-, grænfóður- og kornrækt, meðferð jarðvegs og kynnt skýrsluhaldsforrit í jarðrækt. Þá var einng mætt á fundi hjá félögum bænda á svæðinu með sambærilegt efni og á jarðræktarfund á Hvanneyri 19.-20. apríl þar sem komu saman rannsóknarmenn og ráðunautar að fjalla um það helsta á þessu sviði. Hér hefur verið dregið á nokkra þætti í starfi liðins árs, en að endingu vil ég þakka samstarfsfólki, bændum og öðrum sem til mín hafa leitað góð samskipti.

Guðmundur Páll Steindórsson

Að venju var starf mitt fyrst og fremst á sviði nautgriparæktarinnar. Hátt í 90% vinnutímans var helgaður henni. Gróflega má skipta honum milli skýrsluhalds, kúadóma, kynbóta, framleiðslumála, funda og námskeiða, auk ýmissa einstaklingsleiðbeininga.

Smám saman bætast fleiri kúabændur við sem sjálfir skrá í Huppu og var staðan sú í árslok, að af 151 skýrsluhaldara voru 102 áskrifendur að Huppu. Verulegur tími fór þó hjá mér í leiðbeiningar og leiðréttingar á færslum, eftirliti með að ætternisupplýsingar séu réttar, fylgjast með skilum, bæði á mjólkurskýrslum og efnamælingum og minna á þau ef þurfti. Einnig greip ég í skráningar, en þær voru að mestu í höndum Svanhildar Ketilsdóttur. Ég framkvæmdi ýmsa úrvinnslu sem því miður er oft töluverð handavinna þar sem sumt næst ekki beint út úr Huppu. Þá fylgdist ég með mjólkurinnleggi og bar saman við skýrslufærða mjólk.

Kvíguskoðun fór í aðalatriðum fram á tímabilinu febrúar til maí. Alls voru dæmdar á svæðinu 1.788 kvígur og af þeim dæmdi ég 1.570. Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir dæmdi það sem á vantar. Auk þess skoðuðum við um 160 hugsanlegar nautsmæður. Ég tók saman upplýsingar um kvíguskoðunina hvað varðaði árganginn 2005, gerði grein fyrir henni, bæði í Ársskýrslu búnaðarsambandanna og á fundum. Að venju voru þar veitt verðlaun fyrir hæst dæmdu kýrnar sem m.a. voru myndir af viðkomandi kúm. Eyddi ég þess vegna nokkrum tíma síðla sumars í þær myndatökur.

Ég fylgdi eftir vali á nautkálfum af svæðinu til notkunar á Nautastöðinni. Alls voru á árinu teknir hér 15 kálfar. Yfirleitt fór ég og skoðaði þá og mæðurnar áður en ákvörðun var tekin um kaup og tók þá gjarnan sýni til DNA greiningar úr móður og syni.

Breyting varð á árinu á greiðslumarksviðskiptum í mjólk, en á vordögum var gefin út reglugerð sem tók fyrir allar beinar sölur manna á milli. Allt skyldi fara á sameiginlegan markað og aðeins tveir söludagar á ári. Í reynd var aðeins um einn dag að ræða á árinu 2010, þann 1. desember. Tvær sölur höfðu farið fram á svæðinu áður en breytingin skall á, en nokkrar voru í farvatninu. Aðeins varð svo ein sala á markaðsdeginum. Alls var höndlað með tæplega 370 þúsund lítra og fór mest af því út af svæðinu. Nokkur tími fór í að kynna sér þetta nýja fyrirkomulag og veita um það upplýsingar.

Mætingar á fundi og undirbúningur vegna þeirra var að venju nokkuð tímafrekur. Ég mætti á nokkra aðalfundi búnaðarfélaganna og ýmissa félaganna sem starfa í þágu landbúnaðarins á svæðinu. Í því sambandi má geta þess, að vegna breytinga á samþykktum Landssambands kúabænda var Búgreinaráð BSE í nautgriparækt, sem starfað hefur um árabil, lagt niður og þann 11. nóvember var haldinn stofnfundur Félags eyfirskra kúabænda, FEK.

Í febrúar sat ég ráðanaútafund og Fræðing landbúnaðarins, í apríl fund nautgripa-ræktarráðunauta og í haust fund ræktunarhóps í nautgriparækt sem jafnframt var síðasti fundur þessa hóps þar sem verkefni hans færðust til fagraðs.

Síðast í júlí mætti ég á ráðstefnu og aðalfund „Nordisk økonomisk kvægavl,” NØK, sem stóð í þrjú daga á Höfn í Hornafirði. Þá fór ég í lok ágúst, ásamt nokkrum ráðunautum, í vikufé til Finnlands og Eistlands þar sem við heimsóttum ýmsar landbúnaðarstofnanir og nokkur bændabýli.

Að lokum færi ég bændum og þeirra fólki bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu. Einnig stjórn BSE og samstarfsfólki í Búgarði.

Ingvar Björnsson

Á árinu 2010 var ég í fullu starfi hjá Búgarði en tók tveggja mánaða fæðingarorlof.

Um 35% af tíma mínum fór í ráðgjöf í tengslum við jarðrækt og fóðuröflun. Þetta er svipað og undanfarin ár. Sem fyrr eru áburðaráætlanir, ýmis ráðgjöf varðandi tegunda- og stofnval í gras- og grænófóðurrækt og ráðgjöf varðandi kornrækt fyrirferðamest. Bændur finna fyrir hækkandi aðfangaverði og verð á áburði, olíu og fódri hækkaði nokkuð á árinu. Bændur leita því allra leiða til að auka hagkvæmni fóðuröflunar. Í þessu ljósi stóð Búgarður fyrir fundaröð á svæðinu um jarðrækt og hagkvæma fóðuröflun. Hluti af vinnu sem tengist jarðrækt eru úttektir á jarðabótum en í þær fer nokkur tími að hausti.

Líkt og fyrra ár sat búrekstrarverkefnið Ráðhildur nokkuð á hakanum vegna áherslu á skuldamál bænda. Vinna við skuldamálin gekk jafnt og þétt en einkenndist af stöðugri óvissu og skorti á endanlegum lausnum. Nokkuð var um endurnýjun rekstraráætlana og fundi með bændum og bankafólki vegna skuldamála. Urðu þessi verkefni nokkuð drjúg og fór um 20% af vinnutíma mínum í þau.

Áframhald varð á búrekstri á Möðruvöllum á vegum BSE og starfaði ég sem rekstrarstjóri Möðruvalla ehf. Búreksturinn gekk ágætlega en þó er ljóst að lítið má út af bera til þess að þessi rekstur verið búnaðarsamböndunum sem að honum standa áhættusamur. Leigusamningur Möðruvalla ehf. og Landbúnaðarháskóla Íslands rennur úr

vorið 2013 og taka þarf ákvörðun um áframhaldandi rekstur. Rekstrarstjórn Möðruvalla ehf. tekur um 12% vinnutímans.

Af öðrum verkefnum má nefna setu í undirbúningsnefnd Fræðþings, setu í stjórn jarðræktarskorar og Íslandsdeildar norrænu búvísindasamtakanna NJF, ritstörf og útgáfumál og fagfundi.

Ég vil að endingu þakka bændum Norðaustanlands og samstarfsfólki nær og fjær fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

María Svanþrúður Jónsdóttir

Starfsárið 2010 var lítið frábrugðið fyrra ári, stærstur hluti vinnunnar fór í verkefni tengd sauðfjárrækt, síðan rekstrarráðgjöf og bókhaldsaðstoð, jarðrækt og túnkortagerð, útgáfumál, fundasókn, tölvuaðstoð, jarðabótaúttektir, samningagjörðir, aðstoð við nýköpunarverkefni, styrksumsóknir, búfjárefirlit og margt fleira. Í fjarveru Sigríðar tók ég að mér að halda utan um efnissöfunun og uppsetningu ársritsins okkar.

Vinna við sauðfjárrækt var með hefðbundnum hætti og vísast í nánari upplýsingar í sauðfjárræktarkafnanum hér í ritinu. Tvö námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt voru haldin á Búgarði á Akureyri á árinu, í júní og nóvember fyrir bændur á Norðaustur- og Austurlandi, umsjón með kennslu hafði Borgar Páll Bragason frá B.Í. Notendum að skýrsluhaldskerfinu fjarvis.is fjölgar jafnt og þétt og hefur gengið mjög vel með það.

Í framhaldi af vangaveltum um áhrif rafmagns og rafgæða á heilsufar búfjár kom ég að litlu rannsóknarverkefni tengdu frjósemi sauðfjár sem fór í gang að frumkvæði Bryndísar Pétursdóttur hjá GS solver ehf., Gunnars Björnssonar Sandfellshaga og Rannveigar Björnsdóttur hjá Háskólanum á Akureyri. Í því er sjónum beint að áhrifum jarðfræðilegra streitusvæða auk rafmagnstengdra áhrifaþátta. Fékkst styrkur í verkefnið frá Vaxtarsamningi Norðausturlands og fengum við til liðs við okkur Valdemar Gísla Valdemarsson skólustjóra Rafiðnaðarskólans til að sjá um mælingar tengdar rafmagni og rafgæðum. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna ákveðna áhrifaþætti vegna þessa og stefnt er að því að útvíkka verkefnið á árinu 2011 og hafa fengist styrkslofordr frá Vaxtarsamningi Norðausturlands og Fagráði í sauðfjárrækt sem hafa úrslitaþýðingu fyrir þessa rannsókn.

Lagðar voru út grasstofnatilraunir á Gautlöndum, Víðikeri, Skarðaborg og Fjallalækjarseli með það í huga að reyna að finna kalþolna stofna. Var þetta gert í samstarfi við Guðna Þorvaldsson hjá LbhÍ. Fór ég í eina dagsferð með Guðna þar sem hann var annars vegar að skoða grasstofnatilraunir á Rauðá og Kvíabóli og hins vegar að leita upplýsinga um grasstofna í gömlum túnnum sem ekki hefur verið hreyft við, en það er hluti af verkefni á vegum Norræna genabankans.

Fór ég í fáeinar gróðurskoðunarferðir með starfsmönnum Landgræðslunnar og bændum til að meta árangur uppgræðslna og fleira, enda margar landbótaáætlanir í endurnýjun.

Því er ekki að leyna að rekstrarumhverfi bænda þyngist óðum og baráttan við fjármála- stofnanir er hörð. Misræmi virðist þar ríkja þegar kemur að skuldamálum og því er mikilvægt að bændur séu duglegir við að sækja sér aðstoð og einnig að bera saman bækur sínar þegar kemur að vali á mögulegum úrlausnum.

Staðsetning vinnustöðvar minnar hefur nú sem áður skapað farsælt samstarf við Landgræðsluna, Atvinnuþróunarfélagið og nú Impru-Nýsköpunarmiðstöð, en allir þessir aðilar og fleiri til eru með skrifstofur á Garðarsbraut 5 á Húsavík. Hefur þetta návígi oft orðið tilefni til samstarfsverkefna og jákvæðrar framþróunar ýmissa mála.

Vil ég að lokum þakka samstarfsfólki og bændum í héraði fyrir samstarfið á árinu.

Ólafur Geir Vagnsson

Störf mín á árinu 2010 voru að flestu leyti svipuð og var á árinu 2009. Helstu verkþættir eru áfram sauðfjárrækt, búfjárefirlit, kartöflurækt, mat á landi og byggingum, svo og samningagerð ýmiss konar.

Hvað sauðfjárræktina varðar þá kom ég nánast ekkert að lambaskoðun s.l. haust. Nokkuð kom ég að undirbúningi sauðfjársæðinga, m.a. með útvegum á svömpum o.fl. Þá berast alltaf nokkuð margar fjárbækur inn á mitt borð. Reyni ég að yfirfara þær og leiðrétta ef þörf er á.

Bændur í Sf. Frey og Sf. Hólasóknar buðu mér með í heimsókn sem farin var til nokkurra sauðfjábænda í Suður-Þingeyjarsýslu 17. apríl. Voru skoðuð 5 sauðfjábú. Var ferð þessi hin ánægjlegasta í alla staði eins og venja er með slíkar ferðir. Þann 30. september fór ég svo með bændum úr Sf. Neista í fjárkaupaferð á Snæfellsnes. Var ferð þessi hin skemmtilegasta en nokkuð löng og ströng enda komið á 8 bæi.

Búfjárefirlitinu var sinnt með svipuðum hætti og s.l. ár og skiptum við Smári Helgason frjótæknir vinnunni milli okkar hér á Eyjafjarðarsvæðinu bæði við söfnun á skýrslum og vorsköðun á bæjunum. Matvælastofnun hefur nú tekið við yfirstjórn þessara mála og sóttum við fund sem stofnunin hélt 4. október. Þar var kynnt sú breyting, að búfjáreigendur geta nú skilað skýrslunum rafrænt og minnkaði það vinnu okkar við söfnunina nokkuð. Þær skýrslur, sem komu hér á skrifstofuna, voru skráðar inn hér og annaðist Svanhildur Ketilsdóttir hana. Eins og áður er svo nokkuð um aukaskoðunarferðir til búfjáreigenda þar sem hlutirnir eru ekki í lagi.

Ég hef eins og undanfarið haft eftirlit með ræktun kartaflna hjá framleiðendum, sem hafa fengið framleiðsluna vottaða sem vistvæna. Mega þessir bændur selja sínar kartöflur sérmerktar sem vistvæna landbúnaðarafurð. Voru það 9 framleiðendur á árinu 2010 sem fengu vottun. Ýmis fleiri úrlausnarefni varðandi kartöflurækt koma inn á mitt borð t.d. í sambandi við áburðarnotkun og eyðingu illgresis. Þá hef ég aðstoðað Sigurgeir Ólafsson við eftirlit með stofnrækt kartaflna, sem áfram er stunduð hér á svæðinu.

Ég tók þátt í heimsóknum ráðunauta til bænda á gossvæðinu undir Eyjafjöllum dagana 11. og 12. maí. Fórum við tveir og tveir saman en alls voru um 24 ráðunautar að störfum þarna þessa daga. Á þessum tímamarki voru erfiðleikarnir gífurlegir og þó líklega óvissan um hvað væri framundan allra verst.

Dagana 21.-29. ágúst fór ég ásamt nokkrum ráðunautum í fræðsluferð um Finnland og Eistland. Var ferðin hin ánægjulegasta í alla staði. Hafa fulltrúar úr hópnum gert henni góð skil í Bændablaðinu.

Á árinu 2010 hefur nokkur tími farið í aðstoð við mat, sölu og leigu jarða og annarra fasteigna í sveitunum. Enn hefur þó dregið úr þessum hluta starfsins miðað við það sem áður var.

Ég sótti að venju ráðunautafund og Fræðaping sem haldið var í febrúar og sat einnig flesta fundi sem haldnir voru á vegum BSE.

Að lokum færi ég bændafólki öllu í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, svo og stjórn og öðru samstarfsfólki, bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2010.

Sigríður Bjarnadóttir

Fyrri hluta ársins 2010 varði ég til náms en kom aftur til starfa í júní. Fram til þessa hef ég verið í 80% starfi en fór í 100% starfshlutfall frá og með 1. júlí.

Verkefnin eru mismunandi og fjölbreytileg, gjarnan háð árstíma. Um helmingur starfstímans fór til liðsinnis við nautgriparæktina en minni tíma var varið í rekstrarleiðbeiningar frá því sem verið hefur eða um 10% vinnutímans. Þá fer drjúgur tími í hvers kyns funda-, námskeiða- og þingsetur sem varðar faglega fræðslu og fór um 15% vinnutímans í það á árinu. Annað eins af vinnutímanum snerti aðkomu mína að öðrum búgreinum og á utanumhald sauðamjólkurverkefnis góða hlutdeild þar.

Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og alltaf gaman að kljást við verkefnin sem liggja fyrir. Umfang svæðisins er stórt og mismunandi búskaparáherslur sem eðlilegt er. Það er áhugavert í alla staði að eiga leið um svæðið og hugsa til þess að þar er fullt af fólki sem er tilbúið til að búa í dreifbýlinu og skapa sér þar viðurværi. Ekki síst þegar ásýnd híbýlanna sem og útihúsa og umhverfisins alls er snyrtileg og vel er um gengið. Þetta skiptir máli og styður hreinleika þeirrar framleiðsluvöru sem verið er að selja, vörunnar sem myndar verðmætin og afkoman byggir á. Það getur verið gott að hugsa út fyrir daglegan rammann og meta bæði útlit og ásýnd af og til og gera umbætur þyki ástæða til. Svo er auðvitað alveg nauðsynlegt að líta upp úr amstrinu og njóta náttúru og umhverfis, það þarf ekki að fara langt til þess. Gefum okkur tíma til slíkra hluta, sá tími þarf ekki að vera langur en skilar sér í hin daglegu verk, við mætum endurnærð!

Bændur og samstarfsfólk, ég þakka ánægjuleg samskipti á liðnu ári og stjórn fyrir lipurð varðandi vinnutilhögun og námsleyfi. Takk fyrir árið 2010 ☺

Sigurður Þór Guðmundsson

Árið 2010 var þriðja heila starfsárið mitt hjá Búgarði og eru verkefnin farin að taka á sig nokkuð fast form. Ég tók fæðingarorlof í þrjá mánuði á árinu, maí, júní og júlí.

Annars hefur um 2/3 starfstímans farið í verkefni tengd sauðfjárrækt. Aðstoð til handa bændum varðandi notkun á skýrsluhaldinu, bæði færslur í Fjarvís og úrvinnslu á gögnum úr því, en þeim fjölgar alltaf sem kjósa að nota fjarvís.is. Þá var haustinu varið í lambaskoðun og stóð hún í ár frá lokum ágúst fram yfir miðjan október. Fundir með fjárræktarfélagum og búnaðarfélagum eru árvissir og í ár var reynt að leggja nokkuð út frá hinni hagrænu hlið fjárræktarinnar og var verðmæti sláturlamba reiknað fyrir hrúta og meðalafurðir ána. Samráðsfundir ráðunauta eru nokkrir bæði í tengslum við Fræðaping og eins var samráðsfundur á Hvanneyri um fóðuröflun og jarðrækt. Þá fór ég fræðsluferð með fjárræktarfélagi Öxfirðinga í Vestur-Húnavatnssýslu í mars. Í samstarfi við Maríu Svanþrúði þá var gerð úttekt á þrifum lambgimbra á 7 bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu til að átta sig betur á því vandamáli sem kallast hósti í lömbum, er gerð grein fyrir henni í sauðfjárræktarkaflanum. Þá hélt ég erindi á haustfundum LS í ágúst um tekjumyndun á sauðfjárbúum.

Ég sinni áfram búfjárefirliti fyrir Búgarð, frá Kelduhverfi að Langanesbyggð og fæ því að koma á alla bæi á því svæði, hefur það tekið ríflega 1/10 starfstímans.

Ég fæ aðeins að snerta á jarðræktarráðgjöf, geri nokkrar áburðar- og ræktunaráætlanir og kem á fundi og námskeið. Í samstarfi við Ingvar og Guðmund Helga stóðum við fyrir námskeiðsröð á starfssvæðinu í febrúar um jarðrækt og jörð.is og tókst hún ágætlega og var vel sótt.

Örfáar rekstaráætlanir hef ég gert fyrir sauðfjárbændur. Þá hef ég setið í fagráði í sauðfjárrækt frá ágúst.

Í heildina var árið 2010 nokkuð erilsamt, ýmislegt sem dúkkar upp á borð og þakka ég öllum sem lesa ánægulegt samstarf.